

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis
Sent í nefndasvið@althingi.is

Fljótsdalshreppi, 3. maí 2024

Efni: Þingmál nr. 899 - Umsögn Fljótsdalshrepps um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Þann 19. apríl 2024 var tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi send til umsagnar.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir ánægju með að fram séu komnar tillögur um almenna stefnumótum um uppbyggingu og nýtingu vindorku hér á landi.

Svo sem fram kemur í þingsályktunartillögunni er hún í meginatriðum byggð á umfangsmikilli og vandaðri vinnu starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra skipaði upp úr miðju ári 2022 til að skoða og gera tillögur um nýtingu vindorku. Starfshópurinn hafði þegar í upphafi starfs síns víðtækt samráð við hagsmunaaðila þ.á.m. Fljótsdalshrepp. Þann 2. september 2022 barst Fljótsdalshreppi erindi þar sem gefinn var kostur á að koma á framfæri upplýsingum og áherslum sem vörðuðu fyrirhugaða vinnu starfshópsins. Sveitarfélagið skilaði ítarlegri umsögn til starfshópsins þann 30. september 2022 og átti í framhaldinu fund með honum þar sem efni umsagnarinnar var nánar skýrt.

Í þessu samráði kom sveitarstjórn á framfæri helstu sjónarmiðum sínum um hvað þyrfti fyrst og fremst horfa til við stefnumótun um uppbyggingu og nýtingu vindorku. Almennt séð virðist þingsályktunartillagan vera í ágætu samræmi við þær megináherslur sem þar komu fram.

Að mati sveitarstjórnar hefur tekist við stefnumótunina að taka tillit til mismunandi sjónarmiða og hagsmuna að því marki sem það er raunhæft og unnt.

Sveitarstjórn leggur áherslu á eftirfarandi atriði varðandi stefnumótun uppbyggingar og hagnýtingar vindorku:

- Að endanlegt skipulagsvald til uppbyggingar mannvirkja vindorkuvera verði hjá sveitarfélagi eða sveitarfélögum þar sem að slík uppbygging og starfsemi er fyrirhuguð og að leitað verði afstöðu viðkomandi sveitarfélaga þegar í upphafi málsmeðferðar þess virkjunarkosts í vindorku sem til álita kemur.
- Að sveitarfélög þar sem uppbygging vindorkuvera fer fram fái í sinn hlut skatta og gjöld sem máli skipta fyrir fjárhag þeirra og njóti þannig sanngjarns ávinnings af þeim mannvirkjum og starfsemi sem um ræðir.

Rétt er að fram komi að sveitarstjórn telur að að heppilegra hefði verið fyrir framgang málsins í heild að frumvarp um skattlagningu orkuvinnslu hefði fengið þinglega meðferð samhliða þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi og frumvarpi um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Virðingarfyllst,
f.h. Fljótsdalshrepps,


